

## Ert þú leiðtogi?

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga óskar að ráða öflugan **verkefnisstjóra** til að leiða byggðaeftlingarverkefni **Betri Bakkafjörður** sem er hluti verkefnisins Brothættar byggðir og leitt af Byggðastofnun. Gert er ráð fyrir að verkefnið muni standa út árið 2023 gangi allar forsendur eftir.

Verkefnisstjóri gegnir leiðtogahlutverki í verkefninu og heldur m.a. utan um einstök verkefni sem unnið verður að á tímabilinu ásamt því að koma að stefnumótun og markmiðssetningu fyrir byggðarlagið, í samstarfi við verkefnisaðila. Hann er einnig tengiliður þeirra sem að verkefninu koma, þ.e. íbúa, stofnana, fyrirtækja og stjórnvalda. Jafnframt þarf verkefnisstjóri að geta komið að verkefnum á vegum Langanesbyggðar sem hafa áhrif á uppbyggingu og styrkingu byggðarinnar við Bakkaflóa.

Leitað er að einstaklingi sem:

- Hefur haldgóða menntun sem nýtist í starfinu.
- Á gott með að laða fólk til samstarfs og leiða sameiginleg verkefni ólíkra aðila.
- Hefur reynslu af verkefnastjórnun og/eða aðra starfsreynslu sem nýtist í starfinu, s.s. af nýsköpunarstarfi og vinnslu styrkumsókna.
- Býr yfir frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.
- Er reiðubúinn til búsetu á svæðinu sem virkur þátttakandi í samfélaginu.

Frekari upplýsingar um starfið veita framkvæmdastjóri atvinnuþróunarfélagsins, Reinhard Reynisson í síma 464 0415 eða á netfanginu reinhard@atthing.isog sveitarstjóri Langanesbyggðar, Elías Pétursson í síma 468 1220 eða á netfanginu elias@langanesbyggd.is Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfiðásamt öðrum upplýsingum sem umsækjandi vill koma á framfæri, skal senda á Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Garðarsbraut 5, 640 Húsavík eða á netfangið reinhard@atthing.is eigi síðar en 5. maí nk., merkt **Betri Bakkafjörður**.

# Skegla

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir Fréttabréf á Langanesi og nágrenni

16. tbl. 10. árg. Miðvikudagur 24. apríl 2019

## ...og sólskinið ljómaði um bæinn

Söngveisla á Kópaskeri á sumardaginn fyrsta  
Skólahúsinu á Kópaskeri fimmtudaginn 25. apríl kl. 16:00.



Kópaskersmærin Lilja Guðmundsdóttir sópransöngkona kemur fram á tónleikum á Kópaskeri ásamt Ágústi Ólafssyni barítón og Evu Þyri Hilmarsdóttur píanóleikara, en þar munu þau flytja nokkur af sínum uppáhalds lögum.

Íslenska sönglagið verður í stóru hlutverki;

lög um vorið, náttúruna og ástina. Einnig verða á efnisskránni norræn og rússnesk sönglög sem og örlítið sýnishorn úr heimi söngleikjanna og óperunnar.

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fyrir alla aldurshópa!

Miðaverð er 2.000 kr. og ókeypis fyrir börn á grunnskólaaldri.

Því miður er ekki unnt að taka við greiðslu með kortum.

Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð Flygilvína 2019, "Áfram skal haldið á sömu braut", sem styrkt er af Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra og Tónlistarsjóði.



## Skegla

**Skegla** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið **skegla@simnet.is** eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum. Skegla kemur næst út 1. maí 2019. Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.